



Hreppsnefnd 27.11.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 27. nóv. 2003 kl. 1600 í Miklagarði

Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti sem stjórnaði fundinum í fjarveru Emils Sigurjónssonar oddvita, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Halldóra Árnadóttir. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

Varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerðir hreppsnefndar frá 14. og 20. nóv. sl.

Lagðar fram fundargerðir hreppsnefndar frá 14. og 20. nóv. sl.

Fundargerðirnar ræddar og síðan samþykktar hvor fyrir sig með 7 atkv.

2. mál Fundargerð skólanefndar frá 5. nóv. sl.

Fundargerð skólanefndar frá 5. nóv. sl. lögð fram til kynningar. Undir 4. tl. fundargerðarinnar var spurt um afsöðu Vopnafjarðarhrepps fyrir stofnun nýrrar félags- og skólaþjónustu á norðursvæði Austurlands. Sveitarstjóri greindi frá því að Vopnafjarðarhreppur hefði mælt með því að áfram yrði unnið að verkefninu á grundvelli tillögu stýrihóps Norðursvæðisverkefnisins þar um.

3. mál. Húsaleigumál, undirskriftarlistar dags. 24. 11. 2003.

Lagðir fram undirskriftarlistar nokkura aðila sem eru í leiguhúsnæði hjá sveitarfélaginu, þar sem mótmælt er hækkun á húsaleigu hjá sveitarfélaginu.

Ennfremur lagt fram yfirlit með dæmum um húsaleigu í hinu félagslega íbúðakerfi hjá nokkrum sveitarfélögum samanborið við Vopnafjarðarhrepp. Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeirri formbreytingu á útreikningi húsaleigunnar sem fyrir liggur, þar sem unnið er eftir forskrift Íbúðalánasjóðs um útreikning á húsaleigu í hinu félagslega íbúðakerfi.

Grunnfjárhæð húsaleigu mun við þetta hækka nokkuð frá því sem verið hefur, en á móti kemur að leigjendur munu eiga rétt á húsaleigubótum, sem greiddar verða út hjá sveitarfélaginu að teknu tilliti til tekjuviðmiða og annarra reglna sem um slíkt gilda. Húsaleigubætur hafa ekki verið greiddar vegna útleigu á þessum íbúðum fram að þessu.

Sá lagarammi, sem um íbúðir af þessum toga gilda gerir ráð fyrir að þessi nýja aðferð verði tekin upp.

All miklar umræður urðu um málið. Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir þær hugmyndir sem liggja fyrir fundinum um nýjan útreikning húsaleigu í sveitarfélaginu.”

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.

Sveitarstjóra ásamt oddvita falið að svara fulltrúa þeirra, sem ritað hafa á undirskriftarlistana og gera viðkomandi grein fyrir niðurstöðum fundarins.

4. mál. Byggðakvóti skipting, sbr. og 8. tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 14. nóv. sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði jafnframt fram yfirlit um úthlutun byggðakvótans unnið af Fiskistofu miðað við að Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði kvótanum á grundvelli 3. gr.

Reglugerðar 596 frá 8. ágúst 2003.

Mikil umræða var um úthlutunina og tóku fundarmenn til máls og lýstu sinni skoðun á henni. Voru fundarmenn sammála um að ná þyrfti fram sem mestu jafnræði við úthlutunina og jafnframt að á grundvelli kvótans yrði reynt að auka magn þess afla sem unnin er í heimabyggð sem mest. Samþykkt að fresta endanlegri afgreiðslu málsins til næsta fundar. Samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Árgjöld sveitarfélaga á Austurlandi til SSA árið 2004

Lagt fram yfirlit um árgjöld SSA fyrir árið 2004.

Lagt fram til kynningar.

6. mál. Erindi Sóknarnefndar Hofskirkju vegna nýrrar girðingar utan um kirkjugarðinn.

Lagt fram erindi sóknarnefndar Hofskirkju dags. 26. okt. sl. varðandi framlög til girðinga o.fl.

Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um endanlega útfærslu á málinu.

7. mál. Bréf Sjálfsbjargar varðandi skipan í ferlinefnd fatlaðara á Vopnafirði.

Lagt fram bréf Sjálfsbjargar um skipan í ferlinefnd fatlaðara. Fulltrúi Sjálfsbjargar í nefndinni er Marie Terese Robin á Refsstað.

Lagt til að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps séu : Magnús Már Þorvaldsson starfsmaður byggingar-og skipulagsnefndar og Inga María Ingadóttir formaður félagsmálanefndar.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Fjárframlög til Kaupvangs og Hvítasunnu kirkjunnar á Vopnafirði skv. breytingatillögum við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2004.

Í breytingatillögum við fjárlagafrumvarp 2004 kemur fram að veitt er kr. 7.000.000 til áframhaldandi endurbyggingar Kaupvangs og jafnframt er veitt kr. 1.500.000 til endurnýjunar á húsnæði

Hvítasunnukirkjunnar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.